



Faghópur IV

Fundargerð 8. fundar, Orkustofnun 16. júní 2009, kl. 14:00

Mættir: Guðni A. Jóhannesson, Guðmundur Þóroddsson, Jakob Sigurður Friðriksson, Ómar Örn Ingólfsson og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll: Agnar Olsen

1. **Fundargerð.** Ekki komu fram athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
2. **Landsnet:** Kynnt var nýtt tilboð frá Landsneti sem fól í sér 3 millj. kr. lækkun á fyrra tilboði (úr 11.5 millj. kr. í 8.5 millj. kr.) með því að vettvangsvinna var felld brott, skilum flýtt fram í byrjun október og Landsnet tæki eftir sem áður á sig 3.0 millj. kr. Rammaáætlun greiddi því 5.5 millj. kr.

Rætt var hversu nákvæmt mat á línukostnaði rammaáætlun þyrfti að styðjast við og talið að Landsnet hefði misskilið umræðuna á samráðsfundi. Einfeldari nálgun þyrfti að koma til. Eftirtaldir upplýsingar taldar nægja til að reikna út áætlaðan kostnað við línur::

Flutningsgeta lína:	Verð pr. m (úr verðbanka)	Verð pr. tengivirki	Fjarlægð að línu (m)	Fjarlægð að tengivirki (m)
66 kW				
132 kW				
200 kW				
400 kW				

Ákveðið var að kanna hvort verkfræðistofur gætu lagt til slíkar grunnupplýsingar. Guðni mun ræða við verkfræðistofurnar Mannvit og Eflu.

3. **Mat á afkastagetu jarðvarmasvæða.** Rætt var um takmarkanir á mati á orkugetu jarðvarmakosta. Lögð var fram skýrsla Guðmundar Pálmason o.fl. frá 1985 sem nefnist *Mat á jarðvarma Íslands*. Þar er lagt mat á afkastagetu háhitasvæða með sömu aðferðafræði og byggt á rúmmálsmati en ekki gert ráð fyrir aðstreymi í varmageymana. Skýrslan er komin til ára sinna og verður að taka með fyrirvara en Hvítbók iðnaðarráðuneytisins frá 1994 byggði á skýrslunni. Talið að taka mætti tillit til skýrslunnar en freista þess að fá nýrri gögn og finna einfalda nálgun á afkastamati. Leita skal til Rögnu Karlsdóttur og Guðna Axelssonar, sérfræðinga á ISOR, eftir nýjustu upplýsingum. Jónas Ketilsson, jarðhitasérfræðingur

Orkustofnunar, kom in á fundinn og skiptist á skoðunum við fundarmenn. Að lokum var tekin sú ákvörðun til bráðabirgða að afkastagetan verði metin út frá formúlunni 10MW afl á hvern fermetra innan útlínu sem dregin er skv. viðnámsmælingum.

4. **Upplýsingar fá Orkuveitu Reykjavíkur.** Jakob mun yfirfara drög að virkjunarkostum jarðvarmasvæða, bæta inn upplýsingum og skila um mánaðarmótin júní-júlí.
5. **Framreikningur hagkvæmnimats.** Ómar mun kanna aðferðafræði sem beita má til að uppfæra eldri hagkvæmnitölur virkjunarkosta.
6. **Næsti fundur.** Ekki var ákveðið hvenær næsti fundur verður haldinn.